

# Stofnað Félag íslenskra áfengis- og vímuefnalækna

NÝVERIÐ VAR STOFNAÐ FÉLAG ÍSLENSKRA áfengis- og vímuefnalækna (Icelandic Society of Addiction Medicine). Tilgangur félagsins er meðal annars að efla kenngu, þekkingu og rannsóknir á sviði fíknisjúkdóma, vímuefnafræða og vímuefnalækninga, ekki síst meðal lækna og annarra heilbrigðisstétta.

Félagar geta orðið þeir íslenskir læknar sem hafa eða hafa haft vímuefnalækningar og meðferð að starfi eða hafa sérstakan áhuga á málinu.

Sextán læknar hafa gerst stofnfélagar að FÍÁV en ákveðið var á framhaldstofnfundi 27.

febrúar síðastliðinn að þeir sem gengju í félagið á árinu 2001 teldust stofnfélagar. Tengsl eru við alþjóðasamtökin ISAM, International Society of Addiction Medicine. Guðbjörn Björnsson er stjórnarmaður í ISAM en árlegt þing samtakanna verður haldið hér á landi árið 2002.

Í stjórn félagsins voru kjörin: Þórarinn Tyrfingsson formaður, Sveinn Rúnar Hauksson ritari og Elín Hrefna Garðarsdóttir gjaldkeri. Endurskoðendur eru Jóhannes Bergsveinsson og Valur Júlíusson.

## Staða kvenna í læknastétt á Íslandi

### Málþing 17. maí kl. 13.30-16.00 í Hlíðasmára 8

UM TÆPLEGA TVEGGJA ÁRA SKEIÐ HEFUR VERIÐ starfandi Félag kvenna í læknastétt á Íslandi - FKLI. Félagið hefur ýmis stefnumál á dagskrá sinni með megináherslu á stöðu kvenna innan læknastéttarinnar, hvernig megi bæta hana og efla. Nokkur kynning fór fram á félaginu, markmiðum þess og væntingum félagskvenna í febrúar- og marsheftum Læknablaðsins. Þar kemur meðal annars fram að konur hafa á undanförunum árum sótt í meira mæli í nám í læknisfræði. Þær hafa einnig í auknum mæli haldið af stað í sérnám og er vaxandi fjöldi kvenna starfandi í flestum sérgreinum læknisfræðinnar hér á landi. En þegar litið er til stöðuveitinga á stóru sjúkrahúsunum og innan Háskóla Íslands, einkum varðandi stjórnun og kenngu, fæst ekki sama speglun.

Til þess að varpa nánara ljósi á stöðu kvenna í læknastétt hér á landi, framgang kvenna til starfa og hindranir á þeirri leið, hyggst félagið efna til málþings undir yfirskriftinni **Skref til framtíðar. Hvert stefnum við í jafnréttismálum?** með þátttöku forsvarsmanna lækna og stjórnenda í heilbrigðiskerfinu.

Málþingið verður haldið fimmtudaginn 17. maí kl. 13.30-16.00 í húsakynnum Læknafélaganna í Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Fundarstjóri verður Guðrún Agnarsdóttir læknir og forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

## Skálholtsferð

Öldunagdeild Lí boðar til ferðar að Skálholti laugardaginn 7. apríl næstkomandi. Farið verður með áætlunarbifreið frá skrifstofum Lí að Hlíðasmára 8, Kópavogi, kl. 10.00. Áætluð heimkoma kl. 16.00.

Prófessor Pétur Pétursson mun fræða okkur um sögu staðarins og fjalla sérstaklega um Þórð biskup Þorláksson (1674-1697).

Snæddur verður veislumatur að hætti Þorláks biskups helga. Nánari tilkynning um ferðatilhögun mun berast félagsmönnum síðar.

Stjórnin